

Nd.

2. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir B. 32 í 1. gr. l. nr. 37 1943 komi nýir liðir:

- a. *Ögurvegur*: Frá Múla í Ísafirði um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
- b. *Snæfjallastrandarvegur*: Frá Ármúla um Bæjarhlið og Snæfjallaströnd að Staðarbryggju í Grunnavík.
- c. *Staðarheiðarvegur*: Frá Staðarbryggju í Grunnavík um Staðarheiði að Dynjanda.
- d. *Skorarheiðarvegur*: Frá Dynjanda um Skorarheiði í Furufjörð.

Nokkurrar vantrúar hefur gætt út í frá á vegagerð við Djúp. Veldur þar um gamall og rótgróinn misskilningur á staðháttum í héraðinu. Vegagerð út með þessum stærsta flóa Vestfjarðakjálkans er mjög auðveld með þeim tækjum, sem nú eru fyrir hendi. Verður þess vegna ekki við annað unað en að vegir verði í nánustu framtíð lagðir um þessar byggðir. Þess vegna er lagt til með frv. þessu, að fyrrgreindir vegir verði teknir í tölu þjóðvega.

víkur og Ísafjarðar og Súðavíkur.

Með frv. þessu er lagt til, að teknir verði í þjóðvegatölu vegir meðfram öllu Ísafjarðardjúpi norðanverðu, allt til Furufjarðar á Ströndum. Hefur jafnan verið um það rætt, að þegar akvegasamband hefði skapast við Djúpið, yrði þjóðveginum haldið áfram út strandlengju þess norðanverða og sjóleiðin til Ísafjarðar og þorpanna á Vestfjörðum þar með stytta til mikilla muna. Enn fremur ber að stefna að því, að akvegasamband skapist við Grunnavík og nálægar sveitir. Nauðsyn ber einnig til þess að leggja veg meðfram vestanverðu Djúpinu, allt að hinu forna stórhýli Ögri, sem liggur miðsveitis í héraðinu vestanverðu.

Nokkurrar vantrúar hefur gætt út í frá á vegagerð við Djúp. Veldur þar um gamall og rótgróinn misskilningur á staðháttum í héraðinu. Vegagerð út með þessum stærsta flóa Vestfjarðakjálkans er mjög auðveld með þeim tækjum, sem nú eru fyrir hendi. Verður þess vegna ekki við annað unað en að vegir verði í nánustu framtíð lagðir um þessar byggðir. Þess vegna er lagt til með frv. þessu, að fyrrgreindir vegir verði teknir í tölu þjóðvega.